

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Oftan Chloro 10 mg/g augnsmyrslu

klóramfeníkól

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lækisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Oftan Chloro og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Oftan Chloro
3. Hvernig nota á Oftan Chloro
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Oftan Chloro
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Oftan Chloro og við hverju það er notað

Oftan Chloro augnsmyrslu inniheldur klóramfeníkól. Það kemur í veg fyrir vöxt baktería sem valda augnsýkingum.

Oftan Chloro augnsmyrslu er notað til að meðhöndla bakteríusýkingar í augum. Það má einnig nota til að koma í veg fyrir sýkingar í tengslum við augnmeiðslu og augnaðgerðir.

Bæði fullorðnir og börn geta notað lyfið.

2. Áður en byrjað er að nota Oftan Chloro

Ekki má nota Oftan Chloro

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir klóramfeníkóli eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef um er að ræða þekkta persónulega sögu eða fjölskyldusögu um blóðmeið, til dæmis vanmyndunarbólðleysi.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Oftan Chloro er notað.

Notkun annarra lyfja samhliða Oftan Chloro

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ef þú þarft að setja fleiri en eitt augnlyf í sama augað skaltu bíða í a.m.k. 5 mínútur áður en þú setur hin lyfin í augað. Ávallt skal nota augnsmyrslu síðast.

Ekki má nota Oftan Chloro samhliða lyfjum sem geta bælt starfsemi beinmergs.

Meðganga og brjóstagið

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Gæta skal varúðar við notkun klóramfeníkóls hjá þunguðum konum og konum sem hafa barn á brjósti.

Akstur og notkun véla

Eftir að þú notar smyrslíð getur sjónin orðið óskýr í stutta stund. Ekki aka eða nota vélar fyrir en sjónin er aftur orðin skýr. Ef þú ert í vafa skaltu leita ráða hjá lyfjafræðingi eða lækni.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Augnlinsur

Ekki nota augnlinsur á meðan þú notar Oftan Chloro augnsmyrslí.

3. Hvernig nota á Oftan Chloro

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er u.þ.b. 1 cm af smyrslí í sjúka augað (augun) nokkrum sinnum á dag.

Hvernig opna á túpuna með smyrslinu í fyrsta skipti

Á túpunni er hvít plastræma sem innsiglar tappann við túpuna og hana þarf að fjarlægja áður en hægt er að nota smyrslíð í fyrsta sinn. Fjarlægðu hvítu plastræmuna sem liggur umhverfis túpuhálsinn með því að toga í hana og snúa henni síðan frá túpuhálsinum.


Áður en smyrslíð er borið á:

- þvoðu hendurnar
- veldu þér þægilega stöðu til þess að bera smyrslíð í augað (til dæmis sitjandi, liggjandi á bakinu eða fyrir framan spegil).


Ídreyping:

1. Opnaðu túpuna. Forðastu snertingu við stút túpunnar.


2. Dragðu neðra augnlokið niður, komdu stút túpunnar fyrir í vasanum sem myndast á milli augnloksins og augans í beinni línu við augað og líttu upp.



3. Gættu þess að snerta ekki augnhárin eða augað. Berðu u.þ.b. 1 cm af smyrslí á milli neðra augnloksins og augans.



4. Lokaðu auganu og blikkaðu nokkrum sinnum þannig að smyrslid dreifist jafnt yfir augað. Settu hettuna aftur á túpuna.



Ef þú notar bæði augndropa og augnsmyrslu skaltu bera smyrslid í síðast.

Ef þú þarft að bera fleiri en eitt lyf í annað augað skaltu láta a.m.k. 5 mínútur líða á milli mismunandi lyfja.

Notkun hjá börnum

Börn mega nota lyfið á sama hátt og fullorðnir.

Börn

Skammtaaðlögun getur verið nauðsynleg hjá nýburum vegna minnkaðs altæks brotthvarfs af völdum óþroskaðra umbrota og hættu á skammtaháðum aukaverkunum. Hámarkslengd meðferðar er 10-14 dagar.

Ef notaður er stærri skammtur af Oftan Chlora en mælt er fyrir um

Ofskömmtn er ólíkleg vegna þess að smyrslid er notað staðbundið í augað.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að nota Oftan Chlora augnsmyrslu

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Oftan Chlora augnsmyrslu þolist yfirleitt vel.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- Ofnæmi
- Skammvinn erting í auga eins og kláði, sviði, stingir eða aukin blóðsókn í táru, endursýkingar.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum):

- Úttaugakvilli
- Sjóntaugarþroti.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):

- Tvö form af beinmergsbælingu: 1. skammtaháð, afturkræf beinmergsbæling sem felur í sér formfræðilegar breytingar í beinmerg; 2. alvarlegt, óafturkræft vanmyndunarblóðleysi (ekki skammtaháð)
- Ofnæmistárubólga.

Aðrar aukaverkanir:

Aðrar aukaverkanir hafa komið fram hjá örfáum einstaklingum en nákvæm tíðni þeirra er ekki þekkt:

- Bráðaofnæmi
- Ofsabjúgur, ofsakláði, vessablöðru- og dröfnuörðuhúðbólga.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Oftan Chlora

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið í kæli (2°C – 8°C). Má ekki frjósa.

Geymslupól túpunnar með smyrslinu eftir að fyrst opnuð er 28 dagar. Geyma má opnu túpuna við lægri hita en 25°C.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Oftan Chlora inniheldur

- Virka innihaldsefnið er klóramfeníkól. 1 gramm af augnsmyrslu inniheldur 10 mg af klóramfeníkóli.
- Önnur hjálparefni eru: paraffín, fljótandi; og paraffín, hvítt, mjúkt.

Lýsing á útliti Oftan Chlora og pakkningastærðir

Ljósleitt, mjúkt og hálfagnsætt smyrslu.

4,3 g túpa úr pólýþynnu (polyfoil) með mótuðum stút úr pólýetýleni (PE) og PE-hettu.

Markaðsleyfishafi

Santen Oy
Niittyhaankatu 20
33720 Tampere
Finnland

Framleiðandi
Santen Oy
Kelloportinkatu 1
33100 Tampere
Finnland

Tubilux Pharma S.p.A
Via Costarica, 20/22
00071 Pomezia, Roma
Ítalía

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2020.

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.